

Hverfisnefnd Oddeyrar, 41. fundur

Hverfisnefnd Oddeyrar kom saman til fundar í Oddeyrarskóla 9. september 2008 kl. 16:30, mætt voru Auður, Steinþór, Elli, Begga og Hjalti.

Helsta umræðuefnið var aðgerðaráætlun eða yfirlit um nauðsynlegar verklegar framkvæmdir í hverfinu. Dagný Harðardóttir hafði áður óskaði eftir slíku yfirliti fyrir hönd framkvæmdaráðs í tengslum við vinnslu fjárhagsáætlunar, með skiladegi 15. september.

Eftirfarandi er það sem hverfisnefnd leggur til að unnið verði í:

(ATH Atriðin eru ekki forgangsröð heldur í sömu röð og þau komu fyrir á fundinum)

1. Laga þarf stíga á Eiðsvelli, hringurinn í miðjunni er orðinn góður.
2. Laga þarf kant og aðgengi að gangstíg vestan við Hvannavelli, aftan við Glerárgötu.
3. Aðgreina þarf götu, bílastæði og gangstétt vestan og norðan við Greifann, sérstaklega niður Eyrarveginn. Útfæra betur aðkomuna að Greifanum frá Glerárgötu - Best færi að umferð til og frá Greifanum væri beint á Glerárgötuna, þannig að umferð frá Greifanum fari ekki austur Eyrarveginn.
4. Halda þarf áfram uppbyggingu Hjalteyrargötu að vestan, í samræmi við það sem hefur verið við Gránufélagsgötu.
5. Rætur aspa eru komnar upp úr mörgum gangstéttum, þarf að fara í gagngerar endurbætur á því.
6. Malbikið í Fjólugötu er farið að gefa sig þarf að endurvinnna götuna að einhverju leiti.
7. Opna Eimskipabryggjuna, a.m.k. að vetrarlagi og helst þegar engin skemmtiferðaskip eru.
8. Frágangi lóða þar sem iðnaðar- og íbúasvæði liggja saman er ábótavant, sérstaklega aftan við Furuvelli og Hvannavelli sem liggja að Grenivöllum og Sólvöllum
9. Umhirða í kringum AA húsið í Strandgötu er mjög ábótavant, njóli og óreiða.
10. Ljósastaurar eru víða ryðgaðir og illa farnir, t.d. á Víðivöllum
11. Endurnýja skilti með götuheitum sem eru á nokkrum húsum, sum orðin illa farin.
12. Frágangur á suðurhluta eyrarinnar mikilvægur meðal annars vegna Hofs og skemmtiferðaskipanna og umferðar í kringum þau, við viljum gjarnan vera næsta hverfi sem fær andlitslyftingu, rétt eins og Innbærinn sem hefur verið gerður mjög snyrtilegur.
13. Viljum sjá heildarstefnu í umhverfisfrágangi á svæðum og eignum sem bærinn á, þannig er sett gott fordæmi og hvatir fyrir aðra í hverfinu til að bæta umgengni sína og taka til hjá sér.
14. Koma þarf gildandi skipulagi í gagnið á Eyrinni, t.d. með akstursstefnu upp Gránufélagsgötu frá Hjalteyrargötu að Hríseyjargötu.
15. Hljóðeinangra Glerárgötuna og/eða gera hana að einni akrein í hvor átt og/eða færa þorra umferðar um hana niður á Hjalteyrargötu/Laufásstötu. *(Sjá mynd í viðhengi)*
16. Hús sem standa auð bjóða upp á misnotkun og eru hverfinu ekki til sóma, t.d. Lundargata 17.
17. Árekstrar eru nokkuð algengir á horni Eyrarvegs og Norðurgötu - spurning hvort hægt væri að gera biðskylduna skýrari á Eyrarveginum, t.d. með því að þrengja Eyrarvegi við vestanverð gatnamótin.
18. Breyta Akureyrarvelli í útivistarsvæði í stað fótboltavallar.

Fundi slitið og fleira ekki rætt